

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 18. janúar 2016 í máli nr. E-3224/2014:

A

(Jón Bjarni Kristjánsson hdl.)

gegn

Íslenska ríkinu

(Óskar Thorarensen hrl.)

I.

Mál þetta er þingfest 11. september 2014 og tekið til dóms 14. desember sl. Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 2.000.000 kr. í skaðabætur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 6. gr., sbr. 12. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá 11. júlí 2013 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins að viðbættum virðisaukaskatti án tillits til gjafsóknar.

Stefndi gerir þær dómkröfur aðallega að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að mati réttarins.

Til vara gerir stefndi þær dómkröfur að krafa stefnanda verði lækkuð verulega og að málskostnaður verði felldur niður.

II.

Stefnandi var handtekinn 11. júlí 2013 vegna gruns um aðild að því að hafa svipt tvo menn frelsi þeirra og beitt þá stórfelldu ofbeldi, í Reykjavík, Hafnarfirði og á Stokkseyri. Stefnandi gaf skýrslu hjá lögreglu 12. júlí 2013 um þau atvik er að honum sneru. Við fyrri skýrslutöku sem fram fór milli kl. 12:08 og 12:26 kvaðst stefnandi „hvergi hafa komið nálægt þessu máli“ og ekki vitað af því fyrr en daginn áður þegar hann var handtekinn.

Þegar stefnandi var inntur eftir því hvort hann gæti gert grein fyrir ferðum sínum fyrir austan fjall daginn sem hann var handtekinn sagðist hann meðal annars ekkert hafa gert sér grein fyrir því „hvað hafi verið í gangi“ og þess vegna hafi komið honum á óvart að „nafn hans hafi blandast inn í málið“. Í yfirheyrslunni kvaðst stefnandi hafa fengið þær upplýsingar að handtaka hans tengdist „einhverjum líkamsárásam“ [B] en stefnandi hafi „ekki verið alveg að kaupa það“ þar sem [B] væri „búinn að vera svo hrikalega rólegur upp á síðkastið“ en stefnandi kvaðst halda að hann hefði síðast talað við [B] fyrir fjórum dögum og hitt hann þá

við [...] í Kópavogi. Í skýrslutökunni sagði stefnandi að þetta mál „snerti mig ekki neitt – þess vegna langar mig ekkert að vera tengdur við þetta mál einu sinni“. Kvaðst stefnandi jafnframt ekki hafa verið „berjandi neinn“ og að honum byði „við svona hlutum“.

Aðspurður hvort stefnandi vildi segja eitthvað fleira að lokum og hvort hann gæti aðstoðað lögreglu við rannsókn málsins svaraði stefnandi að „ég hef engar upplýsingar sem gera sig“ og að hann myndi aðstoða lögreglu ef hann gæti það.

Tæpri hálfri klukkustund síðar sama dag óskaði stefnandi eftir því að fá að gefa annan framburð fyrir lögreglu. Í skýrslutöku af stefnanda sem hófst kl. 12:58 en lauk kl. 13:16 kemur meðal annars fram að hann hafi komið að [...] seinni hluta annaðhvort laugardagsins 29. júní eða sunnudagsins 30. júní 2013 til að hitta félagasína en þar hafi verið þeir [B], [C], [D], [E], [X] og annar aðili sem stefnandi kvaðst ekki þekkja. Bar stefnandi að eitthvað mikið „hafi verið í gangi“ innandyra og þar hafi heyrst öskur og mikið blóð verið á gólfi. Lýsti hann því hvernig þeir sem hann hitti í [...] hefðu fyrst barið [X] með flötum lófanum en síðan kýlt hann víðs vegar um líkamann en stefnandi og [E] hefðu ekki tekið þátt í þessu. Bar stefnandi að hann hefði dvalið í íbúðinni í um klukkutíma en hann hefði ekki viljað fara út vegna ólátanna sem voru í íbúðinni.

Stefnandi bar síðan að einhverjir þeirra sem voru að [...] hefðu síðan farið með [X] í bíl og ekið þaðan. Í kjölfarið hafi stefnandi farið að [...] en þegar hann hefði komið þangað hefði hann hitt [X] í miklu áfalli og hræðilega útlítandi eftir barsmíðar, hann hefði verið mjög bólgin og marinn. Kvaðst stefnandi ekki hafa gert sér grein fyrir því hvað tímanum liði þegar hann varð vitni að þessu en hann hefði lélegt tímaskyn sökum neyslu, hann hefði m.a. verið búinn að neyta lyfja og kókaíns á þessum tíma. Stefnandi kveðst síðan hafa farið frá [...] í bæinn en eftir það hafi hann haft samband við [B] og hitt hann við [...] til að spjalla. Að því er snertir [Y] kvaðst stefnandi hafa heyrt að hann hefði verið laminn mjög illa og að farið hefði verið með hann upp í sveit þar sem honum hefði verið nauðgað og hann sprautaður með lyfi.

Stefnandi var í framhaldinu færður í Héraðsdóm Reykjaness þar sem dómari úrskurðaði hann í gæsluvarðhald til miðvikudagsins 24. júlí 2013. Jafnframt var honum gert að sæta einangrun meðan á gæsluvarðhaldi stóð. Í forsendum úrskurðarins kom fram að stefnandi væri undir rökstuddum grun um að hafa tekið þátt í frelsissviptingu, eftir atvikum ólögumætri nauðung og stórfelldri líkamsárás, með því að ganga í skrokk á A og B. Eftir væri að taka frekari skýrslur af meðkærðu, af vitnum, formlega skýrslu af brotaþola og frekari skýrslur af kærða, en rannsókn væri á frumstigi. Þætti því brýnt með hliðsjón af gögnum málsins og rökstuddum grunsemdum lögreglu að vernda rannsóknarhagsmunum á þessu stigi

málsins með því að varna því að kærði gengi laus en veruleg hættu væri talin á að hann torvelaði rannsókn málsins með því að hafa áhrif, eftir atvikum á aðra samseka og eftir atvikum á vitni ef hann fengi að fara frjáls ferða sinna. Þá lægi fyrir að annar brotþola hefði farið af landi brott vegna hótana og hræðslu við meðkærðu og eftir atvikum kærða. Í úrskurðinum segir jafnframt að þáttur kærða sé óljós, en hann virðist hafa tekið þátt í ætluðu broti að [...], þar sem ofbeldi hafi verið beitt, en kærði hafi verið á vettvangi.

Stefnandi kærði úrskurðinn til Hæstaréttar sem staðfesti hann með dómi 16. júlí 2013 í máli nr. 479/2013.

Næsta yfirheyrsla yfir stefnanda fór fram 17. júlí 2013 og sú þriðja fór fram 23. júlí 2013. Lögreglan aflaði upplýsinga úr farsíma stefnanda, sem og bankaupplýsinga úr greiðslukerfum Arion banka meðan á þessu stóð með samþykki stefnanda. Lögreglan taldi, á grundvelli framburðar stefnanda, annarra sakborninga og vitna, sem og á grundvelli fyrirliggjandi gagna, ekki tilefni til að óska áframhaldandi gæsluvarðhalds yfir stefnanda.

Með bréfi ríkissaksóknara, dags. 11. október 2013, var stefnanda tilkynnt um niðurfellingu máls á hendur honum.

Ríkislögmaður hafnaði bótaskyldu með bréfi, dags. 13. júní 2014.

III.

Málsástæður stefnanda

Stefnandi telur að íslenska ríkið beri bótaskyldu gagnvart honum vegna atvika máls þessa með vísan til meginreglna XXXVII. kafla laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, sbr. 228. og 230. gr. sömu laga. Stefnandi vísar til þess að hann hafi setið í gæsluvarðhaldi í 13 daga og verið einn dag í haldi lögreglu. Meðan á varðhaldinu stóð hafi stefnandi verið hafður í einangrun.

Um forsendur kröfu sinnar vísar stefnandi að hluta til samkomulags íslenska ríkisins við konu sem setið hafði í gæsluvarðhaldi í 34 daga árið 1989 vegna fíkniefnamáls, sem hún var síðan sýknuð af. Samkomulagið tók til þess að hún fengi greiddar 1,5 milljónir króna í skaðabætur og 1,8 milljónir króna í málskostnað, auk formlegrar afsökunarbeiðni frá ríkinu. Miðað við þetta samkomulag og þróun vísitölu neysluverðs fram í desember 2013 nemur kafa stefnanda 1.304.095 kr. (14 dagar / 34 dagar * 1.500.000 kr. / 198,4 * 418,9).

Þá gerir stefnandi kröfu um 695.905 kr. vegna þess að honum var gert að sæta einangrun meðan á gæsluvarðhaldi stóð, sem sé sérlega íþyngjandi þvingunarúrræði.

Málsástæður stefnda

Stefndi byggir á því að stefnandi hafi sjálfur valdið og stuðlað að aðgerðum lögreglu gegn sér og fella eigi niður bætur af þeim sökum. Vísar stefndi í því sambandi til 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008 og bendir á að stefnandi hafi verið á vettvangi þegar brotaþoli sætti frelsissviptingu og miklum misþyrmingum. Eitt vitni hafi borið að stefnandi hafi tekið að einhverju leyti þátt í aðförinni. Stefnandi hafi auk þess ekkert aðhafst til að koma í veg fyrir ofbeldið sem brotaþoli var beittur né aðstoðað hann á annan hátt. Þannig hafi hann hvorki komið sér af vettvangi né tilkynnt lögreglu um ofbeldið sem átti sér stað. Þá hafi stefnandi hitt brotaþola á öðrum stað skömmu eftir ofbeldisverkin án þess að árásmennirnir væru viðstaddir. Brotaþoli hafi þá verið illa farinn vegna misþyrminganna en þrátt fyrir það hafi stefnandi enga aðstoð veitt honum né heldur tilkynnt um ofbeldisverkin til lögreglu. Enn fremur hafi stefnandi átt talsverð samskipti við aðra sakborninga í málinu eftir misþyrmingarnar og m.a. dvalist með þeim í sumarbústað á Suðurlandi.

Stefnandi gaf skýrslur í málinu 12., 17. og 23. júlí. Við fyrstu yfirheyrslu greindi hann lögreglu rangt frá og kvaðst ekki þekkja neitt til málsins. Í annarri skýrslutöku þann sama hafi hann síðan breytt framburði sínum og greint að einhverju leyti frá málsatvikum. Sá framburður var þó ekki í fullu samræmi við atvikalýsingar annarra vitna. Þannig hafi hann í framburði sínum dregið mjög úr alvarleika þeirra misþyrminga sem brotaþoli varð fyrir og borið við minnisleysi um mörg önnur atvik. Með þessu hafi hann rýrt trúverðugleika sinn hjá lögreglu.

Stefndi telur að sá tími sem stefnandi var í haldi lögreglu hafi verið vel nýttur. Í fyrstu hafi tveir aðilar verið í gæsluvarðhaldi frá 10. júlí 2013, en síðan hafi tveir bæst við 12. júlí, einn 13. júlí og síðan tveir aðrir, einn þann 19. júlí og síðar einn í lok ágúst eftir að gefin var út alþjóðleg handtökuskipan á viðkomandi. Fimm voru ákærðir í málinu og hafa þeir hlotið þunga dóma vegna alvarlegra líkamsárása og frelsissviptingar. Í málinu voru 10 aðilar með stöðu sakbornings, en þar af voru á tímabili átta aðilar í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknarhagsmuna.

Stefndi telur að málið hafi verið þannig að nauðsynlegt var að fá skýrslur frá brotaþolum, en annar brotaþolinn í málinu gaf ekki skýrslu í fyrstu, hann flýði land tímabundið vegna hræðslu, og jafnframt þurfti lögregla að fá úrskurð dómara til að afla áverkavottorðs í málinu. Framburður annarra sakborninga var misvísandi en teknar voru nokkrar skýrslur af sakborningum.

Á því er byggt að skilyrðum fyrir bótakröfu stefnanda sé ekki fullnægt. Ekki séu uppfyllt skilyrði til að dæma bætur og auk þess sé tjón ósannað en um það hafi stefnandi sönnunarbyrði.

Verði ekki fallist á sýknukröfu stefnda er á því byggt að stefnukrafa sé allt of há og ekki í samræmi við dómaframkvæmd og er krafist verulegrar lækkunar verði hún að einhverju leyti tekin til greina. Um lækkunarkröfu vísar stefndi til sömu málsástæðna og sjónarmiða og reifuð eru vegna sýknukröfu. Þá er jafnframt byggt á því að lækka eigi bætur þar sem stefnandi hafi valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfur sínar á, sbr. 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008.

Stefndi mótmælir tilvísun stefnanda í meint samkomulag ríkisins. Ekkert hafi verið lagt fram um það, en verði það gert og rétt reynist er því mótmælt að það geti átt við í þessu máli. Öllum útreikningum og forsendum er mótmælt. Kröfu um sérstakt álag vegna einangrunar er mótmælt.

Stefndi mótmælir dráttarvaxtakröfu stefnanda en telur að ef dæma eigi dráttarvexti þá eigi ekki að dæma dráttarvexti fyrr en í fyrsta lagi frá dómsuppsögudegi en ef ekki verður á það fallist, þá frá því að mánuður var liðinn frá dagsetningu innheimtubrúefs stefnanda, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/2001.

IV. Niðurstaða

Samkvæmt 1. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008 á maður sem borinn er sökum í sakamáli rétt til bóta ef mál hans hefur verið fellt niður eða hann verið sýknaður með endanlegum dómi án þess að það hafi verið gert vegna þess að hann var talinn ósakhæfur. Í 2. mgr. sömu greinar segir að dæma skuli bætur vegna þvingunarráðstafana, þar með talið gæsluvarðhalds, ef skilyrði 1. mgr. eru fyrir hendi. Þó má fella niður bætur eða lækka þær ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á. Af þessu leiðir að bætur vegna sakamáls verða ákveðnar á hlutlægum grundvelli og skiptir þá ekki máli þótt fullt tilefni hafi verið til ráðstafana gagnvart sakborningi eins og málið horfði við lögreglu þegar gripið var til aðgerða. Sakborningur getur þó fyrirgert bótarétti sínum eða þurft að sæta því að bætur verði lækkaðar vegna eigin sakar, sbr. dóm Hæstaréttar frá 26. september 2013 í máli nr. 109/2013

Af gögnum málsins verður ráðið að stefnandi hafi verið viðstaddur þegar hópur fjögurra manna réðst á [X] í íbúð við [...] sunnudaginn 30. júní 2013. Samkvæmt framburði stefnanda hjá lögreglu mun hann hafa verið staddur í íbúðinni í um það bil klukkustund meðan á árásinni stóð. Í framburði stefnanda segir enn fremur að hann hafi hitt [X] síðar í miklu áfalli í [...] þar sem hann hafi verið mjög illa á sig kominn eftir barsmíðar. Stefnandi kveðst síðan hafa farið frá [...] í bæinn en eftir það hafi hann haft samband við [B], og hitt hann við [...] til að spjalla. [B] var í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 14. febrúar 2014 dæmdur til sex ára fangelsisvistar fyrir aðild sína að óvenju grófum líkamsárásum sem, að mati dómsins, varð ekki betur séð en hafi í sumum tilfellum verið pyntingar. Stefnandi bar jafnframt fyrir lögreglu að hann hefði heyrt að [Y] hefði verið laminn mjög illa og að farið hefði verið með hann upp í sveit þar sem honum hefði verið nauðgað og hann sprautaður með lyfi.

Í þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir dóminn er því ekki lýst með skýrum hætti hvaða ástæður lágu að baki því að grunur lögreglu vaknaði um að

stefndi ætti aðild að þeim líkamsárásum og frelsissviptingum sem rannsókn lögreglu beindist að. Í máli þessu er hins vegar ekki ágreiningur um að stefnandi var viðstaddur a.m.k. hluta árársarinnar í [...] og að hann átti í kjölfarið áframhaldandi samneyti við einn árársarmannanna. Verður að telja að stefnandi hafi með þeim athöfnum stuðlað að því að lögregla taldi tilefni til að beina rannsókn sinni að honum og handtaka hann í því skyni.

Fyrir liggur að stefnandi bar við fyrstu skýrslutöku hjá lögreglu að hann hefði engar upplýsingar sem hefðu þýðingu við rannsókn málsins og að sér þætti ekki trúlegt að [B] væri viðriðinn það. Stefnandi breytti þeim framburði hins vegar í skýrslutöku sama dag þar sem hann greinir frá því að hafa orðið vitni að árásum á [X] í [...] og að hann hefði séð hann illa leikinn síðar við [...].

Stefndi hefur byggt á því í málatilbúnaði sínum, bæði í greinargerð og í flutningi málsins fyrir dómi, að þáttur stefnanda í málinu hafi ekki verið fyllilega upplýstur við skýrslutöku hans 12. júlí 2015 og því hafi borið nauðsyn til að honum væri haldið lengur í gæsluvarðhaldi. Í því sambandi hefur stefndi vísað til umsagnar lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um bótakröfu stefnanda, dags. 16. maí 2014, sem aflað var í aðdraganda þessarar málshöfðunar, en þar kemur fram að eitt vitni hafi borið að stefnandi hafi tekið að einhverju leyti þátt í árásinni og átt talsverð samskipti við aðra sakborninga í kjölfar árársarinnar, hann hafi meðal annars dvalið með þeim í sumarbústað á Suðurlandi. Í framburði [F yfirlögregluþjóns] er vitnið sem bar um þátttöku stefnanda í árásinni nafngreint og vísað til vitnaskýrslu þess hjá lögreglu 17. júlí 2013.

Við mat á sönnunargildi þessarar umsagnar lögreglu og framburði fyrir dómi verður hins vegar ekki hjá því litið að hvort tveggja er gagnert til komið vegna höfðunar þessa máls sem nú liggur fyrir dóminum. Í þeim samtímagögnum sem lögð hafa verið fyrir dóminn og stafa úr rannsókn lögreglu kemur hvergi fram að vitni hafi borið um aðild stefnanda að árásinni í [...]. Þá hafa engin gögn verið lögð fyrir dóminn úr rannsókn málsins um samneyti stefnanda við aðra sakborninga önnur en þau sem lúta að því að hann hafi hitt [B] 30. júní 2013 og hann bar sjálfur um við skýrslutöku hjá lögreglu 12. júlí 2013. Raunar er einu upplýsingarnar um hugsanlega aðild stefnanda að árásinni, sem lagðar hafa verið fyrir dóminn, að finna í kröfu lögreglu um símhlustun og hljóðritun úr síma stefnanda, dags. 24. júlí 2013. Þar er vísað til þess að einn sakborninga hafi borið 22. júlí 2013 að stefnandi hafi tekið þátt í árásinni á [X], en stefnanda var sleppt úr gæsluvarðhaldi sama dag og umrædd krafa var sett fram fyrir dómi.

Í ljósi þessara atvika og þegar höfð er í huga ákvörðun bóta samkvæmt 2. mgr. 228. gr. fer fram á hlutlægum grundvelli verður að telja að stefnda hafi ekki tekist að sýna fram á að lögreglu hafi frá og með 12. júlí 2014 verið þörf á að upplýsa frekar um aðild stefnanda að máli því sem gæsluvarðhald hans laut og stefndi hafi vegna eigin sakar valdið eða stuðlað að því að svo varð. Af þeim sökum verður að leggja til grundvallar að stefnandi hafi frá og með 12. júlí og til 24. júlí setið að ósekju í gæsluvarðhaldi.

Við ákvörðun bóta verður að líta til þess að stefnanda hlaut að vera ljóst hversu alvarlegum afbrotum hann varð vitni að í samneyti sínu við þá sakborninga sem síður hlutu endanlegan dóm í málinu og þess að hann hélt áfram samneyti sínu við a.m.k. einn sakborninga og aðhafðist ekkert til að upplýsa lögreglu um málið þannig að unnt væri að koma brotaþola til hjálpar. Þá verður að hafna þeirri málsástæðu stefnanda að samkomulag það er íslenska ríkið gerði við einstakling

vegna gæsluvarðhalds árið 2000 verði haft til viðmiðunar við ákvörðun bóta í þessu máli, enda hefur ekkert komið fram í gögnum málsins um að mál það sé sambærilegt við það sem hér er til úrlausnar.

Stefnandi hefur ekki lagt fram nein gögn um að hann hafi beðið fjártjón af þessu máli. Með vísan til þess og atvika málsins að öðru leyti verða stefnanda því ákvarðaðar miskabætur að fjárhæð 500.000 kr., með dráttarvöxtum frá 16. janúar 2014, eða mánuði eftir að stefnandi lagði fram kröfu um bætur vegna gæsluvarðhaldsins.

Málskostnaður milli aðila fellur niður. Gjafsóknarkostnaður stefnanda, sem er þóknun lögmanns hans, Jóns Bjarna Kristjánssonar, hdl. og telst hæfilega ákveðin 500.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, greiðist úr ríkissjóði.

Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari kveður upp þennan dóm. Hann tók við málinu 25. ágúst 2015 en hafði fram að þeim tíma engin afskipti af meðferð þess. Við uppkvaðningu dómsins var gætt ákvæðis 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda, A 500.000 kr. í miskabætur með dráttarvöxtum frá 16. janúar 2014, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 38/2001.

Málskostnaður milli aðila fellur niður. Gjafsóknarkostnaður stefnanda, sem er þóknun lögmanns hans, Jóns Bjarna Kristjánssonar, hdl. og telst hæfilega ákveðin 500.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, greiðist úr ríkissjóði.

Kjartan Bjarni Björgvinsson